

1292. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 20. maí 2026, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Birgitta Ragnarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Júlíana Einarsdóttir, Karl. F. Thorarensen, Paula A. Rodriguez Sanchez, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Styrmir Jökull Einarsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Tómas Gabríel Benjamin, Eldar Ástpórsson varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Mættur á fjarfund: Þórir Hilmarsson varamaður.

Fjarverandi: Andrea Rut Pálsdóttir og Jennifer Schröder.

Gestur fundarins: Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu.

Næsti fundur: 10. júní 2026.

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR, setti fund og bauð fundarfólk velkomio.

Halla óskaði eftir að gera breytingu á áður auglýstri dagskrá, að umfjöllun um vinnustaðaeftirlit verði liður #4, aðrir liðir færast til sem því nemur.

Engar athugasemdir bárust.

1. Fundargerðir 1290. og 1291. stjórnarfunda VR lagðar fram til samþykktar.

Halla Gunnarsdóttir lagði fram fundargerðir 1290. og 1291 funda stjórnar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við þær.

Fundargerðirnar voru samþykktar og sendar í rafræna undirritun.

2. Staða launafólks á Íslandi - sérvinnsla fyrir VR frá Vörðu rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins

Fyrir fundinum lá skjalið „2.0 Staða launafólks í VR í stöðu launafólks á Íslandi, 2025“ til kynningar.

Halla bauð Kristínu Hebu Gísladóttur, framkvæmdastjóra Vörðu, velkomna á fundinn og bauð henni að kynna niðurstöður í sérvinnslu VR úr árlegri könnun Vörðu, rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins, á stöðu launafólks á Íslandi.

Kristín Heba fór yfir fyrirkomulag könnunar Vörðu. Könnunin fyrir árið 2025 var gerð í júní og júlí það ár meðal félagsfólks stéttarféлага innan ASÍ og BSRB. Rúmlega 26 þúsund svöruðu, þar af voru 4.464 félagar í VR, sem er 8% svarenda.

Samsetning félagsfólks VR á heildina litið er á ákveðinn hátt frábrugðin samsetningu annarra stéttarféлага innan ASÍ og BSRB en samsetning innflytjenda og leigjenda – sem eru þeir hópar sem voru sérstaklega skoðaðir fyrir VR – er lík því sem gerist annars staðar. Meðal þess sem er frábrugðið í samsetningu félagsfólks VR er að mun stærra hlutfall kvenna í svarendahópi VR er í fullu starfi en tíðkast annars staðar. Þá er munur á fjárhagslegri stöðu kynjanna innan VR lítill, sem er óvenjulegt. Hann er til að mynda svo lítill að hann reynist ekki marktækur varðandi hversu auðvelt eða erfitt er að ná endum saman.

Kristín Heba fór því næst yfir niðurstöður sérgreiningarinnar. Staða innfæddra í VR og innflytjenda í félaginu er mjög ólík þegar kemur að húsnæðismálum. Um 66% félagsfólks VR býr í eigin húsnæði, 30% innflytjenda en 78% innfæddra. 48% innflytjenda í VR búa í leiguhúsnæði á almennum markaði en 9% innfæddra.

Þegar kemur að tekjum sést að atvinnutekjur innflytjenda eru lægri en innfæddra, fleiri innflytjendur hlutfallslega eru í lægri tekjuhópum en innfæddra. Menntunarstaða innflytjenda er hins vegar önnur, hlutfallslega fleiri innflytjendur eru með háskólamenntun. Ekki er mikill munur á fjárhagsstöðu félagsfólks VR almennt og annars launafólks, aðeins hærra hlutfall getur mætt óvæntum 100 þ.kr. útgjöldum og ögn lægra hlutfall býr við skort eða verulegan skort á félags- og efnislegum gæðum. Innan VR er hins vegar munur þar á, 31% innflytjenda í VR býr við skort á félags- og efnislegum gæðum en 17% innfæddra. Þega litið er á stöðuna eftir húsnæð, sést að 36% þeirra sem búa í leiguhúsnæði búa við skort á félags- og efnislegum gæðum en 15% þeirra sem búa í eigin húsnæði.

Umræður

Í umræðum kom fram ósk um greiningu innan VR á starfshlutfalli kvenna og laun í ljósi niðurstöðu könnunar Vörðu.

Ólafur Reimar þakkaði Kristínu Hebu fyrir áhugavert erindi og fór hún af fundi kl. 18:25.

Halla Gunnarsdóttir vék af fundi um kl. 18:10 og tók varaformaður VR, Ólafur Reimar Gunnarsson við stjórn fundarins. Halla kom aftur um kl. 18:50 og tók þá við fundarstjórn að nýju.

3. Upplýsingar frá formanni

Fyrir fundinum lá skjalið „3.0 Skipulag og samtal ASÍ, SA og ríkis um verðlagsþróun í samhengi kjarasamninga“ til umræðu.

Undir þessum lið var einkum fjallað um stöðu kjarasamninga í ljósi stöðunnar í efnahagslífinu og nýlegrar hækkunar stýrivaxta. Halla sagði frá því að VR og LÍV séu í góðu samstarfi við Fagfélögin, birt hafi verið sameiginleg grein um stöðuna og kröfur hópsins á visir.is og vr.is. Þar er spjótunum beint að fyrirtækjunum sem verði að leggja sitt af mörkum eigi að ná niður verðbólgu og vöxtum.

Halla sagði jafnframt frá því að hafið væri þríhliða samtal launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda með það að markmiði að auka líkur á að kjarasamningar haldi, hemja verðbólgu til loka kjarasamninga og leggja fram greiningar sem legið geti til grundvallar frekari vinnu. Greina á þætti eins og áhrif vaxta, verðbólgu og verðtryggingar á mismunandi hópa samfélagsins; hvernig draga megi úr sjálfvirkum verðlagsbreytingum og hvaða leiðir eru færar til að styrkja launatölfræði. Skipaður hefur verið stýrihópur verkefnisins og þrír undirhópar sem hafa þessi verkefni með höndum. Drög að tillögum um aðgerðir eiga að liggja fyrir 1. júní en skila á lokadrögum stýrihóps og niðurstöðum greininga eigi síðar en 7. september.

Halla fjallaði því næst um fund miðstjórnar sama dag og stjórnarfundurinn var haldinn og fund sem haldinn var tveimur vikum fyrr. Hún sagði frá því að hún hafi lagt fram bókun vegna afskipta formanns Eflingar af innri málum VR, sem fjallað var ítarlega um í fundargerð frá 27. apríl. Í bókuninni hafi hún tilgreint afskipti formanns Eflingar af starfsmannamálum VR, afskipti af ákvarðanatöku stjórnar og af kosningum í félaginu.

Leigjendasamtökin hafa haft samband við VR með mögulegt samstarf í huga og sagði Halla að málið yrði rætt innan húsnæðisnefndar VR.

Þá fjallaði Halla um fund trúnaðarráðs sem haldinn var í apríl og hvatti stjórnarfolk til að mæta á fundi ráðsins, hlutverk trúnaðarráðs væri að vera stjórn ráðgefandi og það væri mikilvægt að stjórn mætti. Á fundinum var valið í fulltrúaráð LIVE. Einnig var á fundinum rætt um umfjöllun í fjölmiðlum um launamál formanns og gagnrýndi trúnaðarráð að upplýsingum hafi verið lekið af stjórnarfundi, röngum upplýsingum að auki. Stjórnarmenn sem gerðu slíkt ættu ekki heima í stjórn.

Þá fjallaði Halla um nýafstaðna viðburði, 1 maí, kaffi eldri félaga og Fyrirtæki ársins.

Umræður

5. Vinnustaðaeftirlit

Fyrir fundinum lá skjalið „Vinnustaðaeftirlit tillaga að breytingum á skatti ASÍ“ til kynningar og ákvörðunar.

Halla rifjaði upp málið sem snýr að því að breyta fyrirkomulagi vinnustaðaeftirlits og gera það miðlægt frá ASÍ í stað þess að stéttarfélögin reyni hvert og eitt að reka eigin eftirlitsfulltrúa. VR hefur verið jákvætt gagnvart þessari hugmynd á þeim forsendum að eftirlitið verði þannig markvissara, yfirsýn verði skýrari og auðveldar verði að bregðast við brotum. Uppi séu hins vegar áhyggjur af því að færri eftirlitsferðir verði farnar á landsbyggðina en það sé áskorun sem hægt sé að vinna með.

Gagnrýni hefur komið frá aðildarfélögum ASÍ á fjármögnun við þessa breytingu, þ.e. að skattur til ASÍ verði hækkaður. ASÍ hefur nú lagt fram nýja tillögu að fjármögnun sem felur í sér mun minni breytingar að sinni. Þær tölur eru innan marka hvað VR varðar, sagði Halla.

Þá ræddi Halla hugmyndir að breytingu á lögum ASÍ þannig að varaforsetum ASÍ verði fækkað úr þremur í tvo eða einn.

Leggja þarf báðar tillögur fyrir þing ASÍ í október og þarf stjórn að taka afstöðu til þeirra nú.

Umræður

Í umræðum voru báðar tillögur samþykktar, fjármögnun vegna eftirlits og að fækka varaforsetum í einn.

6. Þriggja mánaða uppgjör VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „4.0 Árshlutareikningur VR janúar til mars 2026“, „4.1 Rekstur sjóðir VR janúar til mars 2026“ og „4.2 Lykiltölur janúar til mars 2026“ til kynningar og umræðu.

Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri fór yfir þriggja mánaða uppgjör. Tekjur eru um 5,7% lægri en áætlun en 5,4% hærri en á sama tíma fyrir ári. Gjöld eru 2,7% lægri en áætlun en 11% hærri en á sama tíma í fyrra. Rekstrartekjur umfram gjöld eru því neikvæðar um rúmlega 50 m.kr. Þetta má m.a. rekja til fækkunar félagsfólks, fjölgunar á atvinnuleysisskrá og lakari innheimtu. Þessar tölur benda til samdráttar á vinnumarkaði. Félagsfólki fækkar um 1% milli ára sem rekja má að stærstum hluta til fækkunar í ferðapjónustu en VR er með stóran hóp starfsfólks í þeirri atvinnugrein. Fullgildum félögum fjölgar hins vegar um 4,5% sem bendir til minni hreyfingar á vinnumarkaði.

Atvinnuleysi hjá VR er 2,9% samanborið við 4,8% samkvæmt mælingu Vinnumálastofnunar. Atvinnulausum fjölgar hins vegar hjá VR um 54% frá sama tíma í fyrra. Atvinnuleysi hjá innfæddum í VR er 2,1% en 6,39% hjá erlendum félögum.

Hvað varðar þjónustu félagsins má sjá fækkun í nokkrum þjónustupáttum, s.s. afgreiðslum og símtölum, sem er áframhald þróunar síðustu missera. Heimsóknum á vefsíðuna vr.is fækkar einnig á milli ára sem m.a. má rekja til aukinnar notkunar á gervigreind og þess að á fyrsta ársfjórðungi 2025 voru formannskosningar í félaginu en svo var ekki á sama tíma á þessu ári, en þegar formannskosningar eru má sjá töluverða umferð inn á vefinn.

Heildargreiðslur sjúkradagpeninga á fyrstu þremur mánuðum eru 20% hærri en á sama tíma í fyrra og er hlutfall dagpeninga af iðgjöldum nú komið í 99,88%.

Á aðalfundi 2026 voru samþykktar breytingar á starfsemi Sjúkrasjóðs VR til að koma til móts við versnandi stöðu sjóðsins. Þær breytingar munu skila sér á næsta ári.

Umræður

7. Starfsreglur stjórnar

Fyrir fundinum lá skjalið „5.0 Starfsreglur stjórnar VR“ til afgreiðslu.

Skjalið lá á milli funda. Engar athugasemdir voru gerðar við reglurnar og voru þær þá bornar undir fundinn í atkvæðagreiðslu og samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

8. Ársreikningur VR Blævar leigufélags hf.

Fyrir fundinum lágu skjölin „6.0 Ársreikningur Blævar leigufélags hf. 2025“ og „6.1 VR Blær leigufélag kynning“ til kynningar.

Stefán fór yfir markmið með byggingu íbúðablokka á vegum VR Blævar sem er að bjóða félagsfólki leiguíbúðir á sanngjörnu verði. Tvær íbúðablokkir voru byggðar í Úlfarsárdal og eru þær allar komnar í útleigu. Húsin eru alfarið í eigu VR.

Stefán sagði að reynslan væri mjög góð og að verkefnið hafi gengið vonum framár. Heildarkostnaður við verkið hafi verið rúmlega 1,9 ma.kr. VR seldi Reykjavíkurborg tvær íbúðir og er heildarkostnaður að frádreginni sölu tæplega 1,8 ma.kr. Kostnaður pr. fm. var 696 þ.kr. Bjarg sá um alla framkvæmd við byggingu og hönnun og sér um rekstur og samskipti við leigjendur. Hlutverk VR var að útvega leigjendur og tryggja fjármögnun.

Eignirnar eru færðar á markaðsverð sem er fasteignamatsverð. Samtals 2.172 m.kr. eða 828.911 kr. per. fermetra.

Umræður

9. VR í Fyrirtæki ársins

Fyrir fundinum lá skjalið „7.0 VR í Fyrirtæki ársins 2026“ til kynningar.

Stefán fór yfir stöðu VR í könnun félagsins á Fyrirtæki ársins. VR tekur ekki sæti á útgefnum lista fyrirtækja. Niðurstaða er sú að VR varð í 5. sæti í hópi stórra fyrirtækja með einkunnina 4,51.

Allar einkunnir fyrir lykilþættina, s.s. stjórnun, starfsanda, sveigjanleika o.fl. hækkuðu milli ára og eru einkunnir félagsins almennt hærri en fyrirtækja af sömu stærð.

Umræður

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:00.